

Björn Guðmundsson gullsmiður og kaupmaður á Ísafirði (1850-1932)

3116/675: Æviágrip, afrit bréfs ísfirskra borgara til orðunefndar ríkisins um að veita BG fálkaorðu 1926, útnefningarbréf ásamt konungsbréfi um stofnun hinnar ísl. fálkaorðu 1926.

3117/675: Bréf til BG frá ættingjum hans í Þorpum í Steingrímsfirði 1883, sum ódagsett. Einnig hluti bréfs frá móður hans eftir flutning til Vesturheims.

3118/675: Ýmis gögn varðandi Harald Guðmundsson (Harald Goodman) í Kanada 1954-1956.

3119/675: Hlutabréf í Bökunarfélagi Ísfirðinga 1921; hlutabréf í Verslunarskólahúsinu í Reykjavík 1932; kvittun fyrir greiðslu á hlutafjárloforði í Djúpbátnum 1917.

3120/675: Afsal frá H.S. Bjarnasyni (konsúl) fyrir sölubúð sinni við Skólagötu (nú Aðalstræti) 1903; afsal Þóru J. Einarsson fyrir 202 ferálna lóð við Silfurgötu 3 árið 1926.

3121/675: Samningur og kvittanir vegna kaupa á járnkaðli 1922-1923; afsal og veiðbandsleysing fyrir hluta af skúr á Eyrartúni 1930; kaupsamningur um „Péturs Thorgrímssens hjall“ 1927 ásamt veðbókavottorði; leigusamningur um skúrina við nroðurgafli „Hvíta pakkhússins“ 1929; „Fiskihúsið hvíta og lóð“ ódags.

3122/675: Tryggingarbréf og víxill hjá Íslandsbanka 1929; reikningslán hjá Landsbankanum 1906 (rifið); afrit skuldabréfs vegna erfðauppgjörs Guðmundar Björnssonar 1932; skuldabréf frá árinu 1915 – lántaki er Guðmundur Guðmundsson frá Gufudal; víxill frá Landsbankanum á nafni Helga Ketilssonar 1921.

3123/675: Skuldbinding Guðmundar Péturssonar í Ófeigsfirði vegna bátakaupa 1913; kvittun fyrir greiðslu váttryggingagjalda af „Hvíta pakkhúsinu“ 1929; innlausnarbréf fyrir veðskuldabréfi 1920; veðbókarvottorð vegna „Árna Árnasonar hjalls“ 1927; Skuldbinding f.h. Guðmundar Bergsteinssonar kaupmanns í Flatey 1922; reikningur vegna þinglýsinga 1926.

3124/675: Uppkast að stefnu í dómsmáli; stefna á hendur Þórði Arnórssyni í Bolungarvík 1918; útskrift úr dómsmálabók Ísafjarðarkaupstaðar í málinu Björn Guðmundsson gegn Magnúsi Árnasyni kaupmanni.

3125/675: Leyfi til að leggja vatnsleiðslu í Árnahjall 1928; uppkast að skuldbindingu Sig. E. Þorsteinssonar vegna byggingar íbúðarhúss BG.; tilkynning frá bæjarstjóranum á Ísafirði um heimild til að byggja við Smiðjugötu 10 1931; vottorð frá Davíð Scheving Thorsteinssyni lækni um gæði kjöts í verslun BG 1904; einkunnir Magnúsar Sveinssonar í unglingaskólanum á Ísafirði 1908-1909; eftirrit fundargerðar byggingarnefndar Ísafjarðar í júní 1885; bréf sem varðar skyldleika Björns við konu í N-Dakota USA 1927; uppdraettir af munstrum fyrir skartgripi.